

**\*Dráttarvextir**  
**\*Vanreifun**

Úrskurður nr. 10/1999.

**Í þessu máli er ágreiningur um greiðslu dráttarvaxta á endurálögð aðflutningsgjöld af 7 vörusendingum. Kærandi fellst á að greiða endurákvörðuðu aðflutningsgjöldin en krefst þess að dráttarvextir af þeim verði ekki innheimtir. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá.**

Lög nr. 55/1987 38. gr., 98. gr., 99. gr., 100. gr., 101. gr., 102. gr. og 103. gr. Vaxtalög nr. 25/1987 9. gr. Reglugerð 61/1989 3. gr.

Með bréfi, dags. 28. júlí 1999, sem barst nefndinni 30.s.m., kærir A, þá ákvörðun tollstjóra að leggja dráttarvexti á endurákvörðun aðflutningsgjalda af 7 sendingum sem fluttar voru inn í mars og apríl 1998. Vörur í þessum sendingum voru ætlaðar til gerðar jarðvarmavirkjunar. Fjármálaráðuneytið gaf fyrirtækinu heimild með bréfi, dags. 1. apríl 1997, til innflutnings án tolla, vörugjalds og virðisaukaskatts á vörum til framkvæmdanna. Þessari niðurfellingu var svo breytt með bréfi 2. júní 1997 þannig að virðisaukaskattur var ekki felldur niður eða endurgreiddur vegna innflutnings enda gat innflytjandi dregið skattinn frá við uppgjör á virðisaukaskatti. Kærandi fellst á að greiða virðisaukaskattinn af þessum 7 sendingum en krefst þess að dráttarvextir verði ekki innheimtir.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra segir m.a. að með bréfi embættisins frá 12. maí s.l., hafi A verið gerð grein fyrir því að fyrirtækið væri endurákvörðun embættisins á aðflutningsgjöldum vegna eftirtalinna sendinga:

S ARN 29 04 8 DE BRV W026	E LON 14 04 8 SE GOT R002
S HEG 22 04 8 DE BRV W006	E BAK 06 04 8 NL RTM R861
E BRU 21 04 8 NO FRK R001	S ARN 29 04 8 NO MSS W024
E LON 31 03 8 NO FRK W061	

Var fyrirtækinu A gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og barst svar í bréfi, dags. 31. maí s.l. Þar er því mótmælt að fyrirtækið hafi mátt vita að fjármálaráðuneytið myndi seinna breyta niðurfellingarheimildinni og að ráðuneytinu hafi borið að vekja á því athygli.

Tollstjóri segir að ekki sé verið að halda því fram, þar sem að umræddar sendingar komu allar til landsins í mars og apríl 1998 eða rúmu ári eftir útgáfu bréfs ráðuneytisins frá 2. júní 1997. Það er hins vegar mat embættisins að með tollskýrslum vegna fyrrnefndra sendinga hefði átt að fylgja bréf fjármálaráðuneytis frá 2. júní 1997 en ekki 1. apríl 1997. Rétt sé að taka fram að samkvæmt upplýsingum frá ríkistollstjóra var vegna mistaka í innsetningu leiðbeininga við niðurfellingartilvísunina HVRNV, í tölvukerfi ríkistollstjóra, sett í leiðbeiningar að fella ætti virðisaukaskatt niður auk tolla og vörugjalds. Leiðbeiningarnar voru síðan leiðréttar 24. júní 1998 þar sem tilvísunin átti eingöngu við um tolla og vörugjald. Var innflytjanda sérstaklega gefinn kostur á að tjá sig um fyrrnefnt í bréfi embættisins, dags. 18. júní s.l.

Ekki komu skriflegar athugasemdir frá kæranda. Tollstjóri kvað upp úrskurð, dags. 21. júlí 1999, þar sem hann með vísan til 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55. frá 1987 með síðari breytingum endurákværðaði aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörusendingum en upphæðir vangreiddra aðflutningsgjalda eru sundurliðaðar með hverju sendingarnúmeri:

	Virðisaukaskattur
S ARN 29 04 8 DE BRV W026	kr. 221.978
S HEG 22 04 8 DE BRV W006	kr. 334.113
E BRU 21 04 8 NO FRK R001	kr. 3.287.800
S ARN 29 04 8 NO MSS W024	kr. 1.117.305
E LON 14 04 8 SE GOT R002	kr. 4.004.221
E BAK 06 04 8 NL RTM R861	kr. 2.110.592
E LON 31 03 8 NO FRK W061	kr. 176.870
Samtals	kr. 11.252.879

Hækkun er samtals kr. 11.252.879.-, auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags.

Í kæru A kemur fram að það hafi verið vegna mistaka að tollafgreiddar voru 7 sendingar á árinu 1998 í samræmi við fyrra bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 1. apríl 1997. A fellst á að greiða endurálagðan virðisaukaskatt kr. 11.252.879 og hafi reyndar gert tilraun til að greiða hann, en horfið frá því, þar sem búið var að leggja dráttarvexti á sendingarnar.

Ríkistollanefnd sendi málið ríkistollstjóra til umsagnar með bréfi þann 11. ágúst s.l. Í svari sem barst nefndinn þann 25. s.m. kemur m.a. fram að ríkistollstjóri fallist á það með tollstjóra að heimilt hafi verið að endurákværða aðflutningsgjöld á grundvelli þeirra lagaákvæða sem vitnað er í endurákvörðun hans til og með þeim röksemdum sem fram koma í úrskurðinum

enda vissi kærandi eða mátti vita um rétta tollmeðferð varanna. Ríkistollstjóri gerir eftirfarandi breytingar á virðisaukaskattsútreikningum tollstjóra en skv. þeim útreikningum er virðisaukaskattur einnig reiknaður ofan á niðurfellt vörugjald vegna fjögurra sendinga:

<i>Sendingarnúmer</i>	<i>Virðisaukaskattur</i>
S ARN 29 04 NO MSS W024	971.569,-
E LON 14 04 7 GOT R002	3.481.931,-
E BAK 06 04 8 NL RTM R861	1.835.197,-
E LON 31 03 8 NO FRK W061	153.830,-

Þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra leiðréttinga nemur fjárhæð vangreiddra aðflutningsgjalda 10.286.518 krónum. Það er mat ríkistollstjóra að standi heimild til endurákvörðunar aðflutningsgjalda sé óhjákvæmilegt að reikna dráttarvexti af vangreiddum aðflutningsgjöldum frá tollafgreiðsludegi, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga. Það segir í 7. mgr. 99. gr. tollalaga að um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gildi ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987. Þar segir að dráttarvextir skuli reknast af peningakröfu frá og með gjalddaga ef gjalddagi er fyrirfram ákveðinn, sbr. 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga. Um gjalddaga aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum XI. kafla tollalaga en þar er m.a. mælt fyrir um að gjalddagi aðflutningsgjalda teljist tollafgreiðsludagur þeirra, sbr. 103. gr., sbr. einnig 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Það sé engin heimild til niðurfellingar dráttarvaxta í tilvikum sem þessum, hvorki í tollalögum né öðrum lögum eða reglum sem varða innheimtu aðflutningsgjalda.

Með vísan í framantalið og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, krefst ríkistollstjóri þess að kæranda verði gert skylt að standa skil á vangreiddum aðflutningsgjöldum að fjárhæð kr. 10.286.518,-, auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags.

Ríkistollanefnd sendi kæranda kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar með bréfi þann 27. ágúst 1999. Í svari kæranda sem barst nefndinni þann 20. sept 1999 ítrekar kærandi fyrri kröfur sínar um niðurfellingu dráttarvaxta en til vara gerir hann kröfu um lækkun vaxta.

Nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram af málsaðilum og haldið fundi um málið. Í máli þessu er ekki deilt um aðflutningsgjöldin sem slík, heldur eingöngu þá kröfu tollstjóra á hendur Innkaupastofnun Reykjavíkur um greiðslu dráttarvaxta.

Í lögum nr. 55/1987 með síðari breytingum er í 38 gr. fjallað um verksvið ríkistollanefndar þar segir m.a.: "Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið skv. 101. og 102. gr. um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokun og annað eftir því sem lög þessi mæla fyrir um."

Ekkert er sagt fyrir um að ágreiningi varðandi ákvörðun og útreikning á dráttarvöxtum skuli skjóta til nefndarinnar. Að mati nefndarinnar verða ágreiningsefni þau sem henni er ætlað að skera úr um að vera tekin fram með skýrum hætti í lögum. Þar sem svo er ekki varðandi dráttarvexti eru nefndarmenn sammála um að það rúmist ekki innan verksviðs nefndarinnar, eins og það er dregið upp í lögum, að taka afstöðu til dráttarvaxta.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er máli þessu vísað frá.